

## Glímumenn ÍR geta orðið með tímanum skeinuhættir!

Miðað við hve áhugi forystumanna ÍR á íþróttum og annarri hollustu var almennur hlaut að koma að því að sjálf þjóðaríþróttin yrði viðfangsefni félagsins. Þótti hún sjálfsgöð grein á Leikmóti ÍR sem haldið var 17., 18. og 20. júní 1920 á Íþróttavellinum í Reykjavík. Ekki var ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur heldur sjálf Íslandsglíman haldin á mótinu. Þar var keppendum í fyrsta sinn á glímumóti, svo vitað sé, gefin einkunn fyrir glímur sínar. Gafst það ágætlega, svo sem segir í frásögn Tímans af mótinu. Þá voru sérstök verðlaun í fyrsta sinn veitt fyrir fegurðarglímu.

Óvenju margir keppendur, eða 15 menn úr öllum landsfjórðungum, mættu til leiks í glímunnni á Leikmótinu, sunnudaginn 20. júní. Kepptu tveir þeirra í nafni ÍR, Bjarni Bjarnason og Ásgeir Eiríksson. Gekk þeim ágætlega því Bjarni varð þriðji með átta vinninga og Ásgeir fjórði með sjö. Sigurvegari varð

Tryggvi Gunnarsson með 11 vinninga og annar Sigurjón Pétursson með 10. Er þeir Bjarni glímdu innbyrðis hafði Ásgeir betur. Neðstur að vinningum var góður liðsmaður ÍR, Ágúst Jóhannesson bakameistari, sem keppti að þessu sinni í nafni Ármanns.

Í téðri umfjöllun Tímans eru glímumennirnir dregnir miskunnarlaust í dilka eftir því hvernig „vopnaviðskiptin“ gengu á glímuvellinum og hversu rétt og vel þeir glímdu. Ásgeir Eiríksson var sagður ágætur glímumaður, stóð teinbeinn, var röskur og mjúkur. „En tvívegis hélt hann fæti mótstöðumanns síns og vatt hann niður, er það með öllu óleyfilegt bragð, enda var það átalið, en slíkt á ekki að koma fyrir góða glímumenn,“ segir í greininni, sem undir stendur aðeins „Glímuvinur“.

Bjarni Bjarnason var sagður gamall og góður glímumaður, „en á það til



Benedikt G. Waage

að glíma þungt og bolast, og er það skaði mikill, því brögð kann hann ósvikin og úthlutar oft fallegum byltum. Hann verst og vel, en gleymdi þó að gefa eftir fótinn í viðureigninni við Tryggva, en reyndi að standa af sér bragðið, sem ekki tókst“. Ágúst bakari fékk þann dóm glímurýnis Tímans að hann hefði haft frjálsa og röska framkomu en glíma hans verið of mikið fum og tilgangslaut sprikl, sem var aðeins til að gefa mótstöðumanninum færi, eins og komist var að orði. Hann var sagður hafa góða vörn gegn klofbragði en öðru ekki. Frásögn Þröttar er á annan veg. Þar segir að í heild sinni hafi Íslandsglíman verið stíð og þunglamaleg, en þó hafi sést nokkrar ágætar glímur. Er glíma Ágústs og Þorgils Guðmundssonar önnur tveggja viðureigna sem nefndar eru sérstaklega í því sambandi.

Fegurðarverðlaunin á Leikmóti ÍR, hin fyrstu sem veitt voru í landinu, fékk Þorgils Guðmundsson frá Valdastöðum í Kjósarsveit en hann varð í 5.–7. sæti.

### „Búandkarl“ vildi að ÍR stofnaði glímudeild

Glímu er næst getið hjá ÍR í tengslum við Allsherjarmót ÍSÍ, sem háð var í júní 1926. Keppt var í tveimur þyngdarflokkum. Í 2. þyngdarflokki, 60–70 kg., hlaut keppandi félagsins, Guðni A. Jónsson, önnur verðlaun en keppendur voru átta. Í þyngri flokknum, yfir 70 kg, mætti eini skráði keppandi félagsins, Gísli Ólafsson, ekki til leiks.

Í fagnaði í tilefni 20 ára afmælis ÍR árið 1927 var félaginu gefinn silfurbikar sem keppa átti um í glímu, þ.e.a.s. fegurðarglímu. Gefandi var búandkarl en frekari deili á því hver hann var finnast ekki. Tilgangur hans með gjöfnni var að stuðla að stofnun glímudeildar innan ÍR. Ætlaðist hann til í gjafabréfi að bikarinn skyldi ekki vinnast til eignar heldur keppt um gripinn árlega. Annaðhvort á sérstöku móti eða í sambandi við önnur glímumót. Vegna þess að mikil brögð væru að því að afl réði um vinning í glímu vildi hann að gripurinn yrði veittur fyrir fagra glímu og þá tekið sérstaklega tillit til bragðakunnáttu. Kvaðst búandkarl ekki fær um að setja nákvæmar reglur um hvernig þessu yrði hagað, en óskaði eftir að til þess yrðu fengnir þeir Halldór Hansen og Hallgrímur Benediktsson ásamt manni úr stjórn félagsins.

Óljóst er hvenær glímuæfingar hófust að einhverju marki hjá ÍR. Í Félagsblaði ÍR í desember 1926 segir þó að félagið hafi ákveðið að æfa íslenska glímu, fáist næg þátttaka. Eru þátttakendur beðnir að gefa sig fram við stjórnina fyrir 10. janúar 1927. Lítið virðist hafa orðið úr því starfi því í Félagsblaði ÍR í mars 1931 segir að um nokkurt skeið hafi verið mikill áhugi fyrir því að iðkuð yrði glíma innan félagsins, en ýmislegt hamlað því, sérstaklega húsnæðisleysi. Tvímælalaust hófust þó reglulegar æfingar er flutt var í splunkunýtt íþróttahús félagsins við Túngötu haustið 1929, samkvæmt

auglýsingu í bæjarblöðunum. Þar sagði að þegar nýja húsið yrði tilbúið til notkunar yrði m.a. íslensk glíma æfð á kvöldin í sérstökum glímusal. Kennarar félagsins voru Aðalsteinn Hallsson og Björn Jakobsson. Í auglýsingu um vetrarstarfið í Vísi árið eftir segir að glímuæfingar fari fram eftir nánara viðtali við Aðalstein Hallsson. Þeir Björn kenndu þó fyrst og fremst fimleika.

Það var ekki fyrr en árið eftir, 1930–31, að talsverður kraftur varð í iðkun glímu innan ÍR. Ágúst Jóhannesson var þá tekinn við stjórn æfinganna og liðsmönnum glímudeildar hafði fjölgað mjög. Virtist glíman þá vera að ná fótfestu í starfi félagsins.

Í Aldarfjórðungsminningarriti ÍR, sem út kom í tilefni 25 ára afmælis félagsins 1932, segir að íslensk glíma hafi verið iðkuð nokkuð í ÍR undanfarna vetur. „Og í fyrravetur sýndu nokkrir glímumenn í Iðnó, undir stjórn Ágústs Jóhannessonar. Æskilegt væri, að meira fjör kæmist í glímuna, en verið hefur, því það gæti orðið félaginu til hagnaðar að hafa marga góða glímumenn.“

### Glímufélag Reykjavíkur rennur saman við ÍR

Það virtist heldur betur hafa hlaupið á snærið hjá félaginu er Haraldur Johannessen, formaður ÍR, skýrði frá því á aðalfundi 25. janúar 1931 að fullráðið væri að Glímufélag Reykjavíkur gengi inn í ÍR. Félag með þessu nafni stofnaði Sverrir Runólfsson stein-

smiður 11. mars 1873. Hann var forögungumaður að endurreisn glímunnar í höfuðstaðnum er nýr áhugi vaknaði á þjóðaríþróttinni upp úr 1870. Félagið lagðist niður 1880 er Reykvíkingar voru að mestu hættir glímubrögðum, en var endurvakið 1928 að frumkvæði Guðmundar S. Hofdal, sem var aðalforystumaður þess og kennari. Nafni þess var síðar breytt í Gnáinn áður en starfseminni var hætt.

Meðal liðs- og keppnismanna GR voru Bjarni Jónsson, síðar yfirlæknir á Landakoti, Viggó Jónsson, sigurvegari í Víðavangshlaupi ÍR 1930 og síðar bóndi í á Mýrum, Ólafur Geirsson, læknir á Vífilstöðum, Hallgrímur Oddsson, læknir í Keflavík, Teitur Guðjónsson í Borgarnesi, Ágúst H. Kristjánsson, Ólafur Magnússon og Sigurbjörn Magnússon. Einnig Valdimar Valdimarsson, Karl Pétursson, Björn Halldórsson, Gísli Albertsson úr Borgarfirði sem m.a. vann sigur í víðavangshlaupi ÍR 1935, Kristján Sigurgeirsson og Andrés Jónsson.

Með inngöngu GR áskotnuðust ÍR 18 nýir meðlimir sem sérstaklega höfðu lagt stund á glímu. Bauð Haraldur þá félagala alla velkomna til ÍR, „þeim og okkur til gagns og ánægju og þrótti og þreki okkar allra og þjóðarinnar til eflingar og heilla“. Tveir félagsmanna GR voru gestir á aðalfundinum, en ekki nafngreindir. Mynd af 11 af þessum nýju félögum birtist í félagsblaði ÍR í mars 1931 og þar sagði:

„Er gott til þess að vita, að félagið getur nú lagt stund á þessa þjóðaríþrótt okkar, og komið fram fyrir félagsins hönd þar sem keppt verður. Þessir nýju meðlimir koma þannig fyrir sjónir, að þeim sé treystandi til hins bezta í því, að ÍR láti til sín taka á því sviði, enda hefir kennarinn, hr. Ágúst Jóhannesson, sem hefir tekið að sér kennslu í glímunni, látið svo um mælt, að meðal þessara manna væru mjög góð glímumannsefni. – Velkomnir í ÍR piltar.“

### Glímumenn ÍR geta haldið á loft sóma félagsins

Vart voru nýju liðsmennirnir gengnir til liðs við ÍR en ákveðið var að efna til glímusýningar á íþróttahátíð félagsins í Iðnó 24. og 25. mars 1931 í tilefni 24 ára afmælis félagsins. Þar sýndu átta menn undir stjórn Ágústs Jóhannessonar báða dagana. Í umsögn Morgunblaðsins um sýninguna sagði að félagið væri nýlega byrjað að iðka glímu og ýmislegt benti til að glímumenn félagsins gætu með tímanum orðið skeinuhættir og haldið á loft sóma félagsins.

Fyrsta innanfélagskeppni í glímu fór fram síðustu dagana í apríl þetta ár. Keppt var í fegurðarglímu og um glímumeistaratign ÍR, en ekki hefur tekist að grafa upp úrslitin. Hins vegar segir frá því í gerðabók félagsins að kappglíma stúdenta hafi farið fram í íþróttahúsi ÍR sunnudaginn 3. maí. Keppendur voru fjórir og tveir þeirra í ÍR: Óli Geirs, sem fékk fyrstu verðlaun, og Bjarni Jónsson, sem fékk önnur verðlaun.

Næsta þátttaka ÍR-inga í glímumótum virðist hafa átt sér stað í Kappglímu KR fyrir drengi sunnudagskvöldið 29. mars 1931. Fór hún fram í íþróttahúsi KR. Keppt var um fagran skjöld sem gefinn var af Þorgeiri Jónssyni frá Varmadal. Öllum drengjum innan 17 ára aldurs og 100 punda þyngdar var gefinn kostur á þátttöku. Mættu 13 drengir til leiks og voru allir innan fermingar og enginn yfir 50 kíló. Tólf þeirra voru úr KR, en einn frá ÍR, Sigurður Steinsson.

### Guðmundur Hofdal kemur til skjalanna

Fræknastir urðu í glímunni Skúli Ágústsson, sem hlaut 12 vinninga, Gísli Guðmundsson, er fékk 11, Haraldur Guðmundsson 10, Stefán Guðmundsson níu og Sigurður Steinsson, sem stóð uppi með átta vinninga og varð því fimmti af 13. Fékk Sigurður fjórar byltur en átta vinninga. Að glímunni lokinni afhenti forseti ÍSÍ Sigurði Steinssyni heiðurspening í viðurkenningarskyni fyrir það að hann einn utanfélagsmanna skyldi taka þátt í glímunni.

Í starfsbók félagsins er sú von lätin í ljósi að vonandi verði fleiri drengir úr ÍR á næstu drengjakappglímu. Það brást því lítið varð úr glímuiðkun næstu árin hjá félaginu.

Einhver deyfð virðist hafa færst í glímu á næstu árum því ekkert segir frekar af glímustarfi innan ÍR fyrr en um áratug seinna. Haraldur Johannessen er þá tekinn við formennsku í félaginu að

nýju. Hann skýrir stjórn sinni frá því í desember 1942 að hann hafi átt samtal við Guðmund S. Hofdal er hefði bent á að hann hefði flokk manna er vildi æfa íslenska glímu ef húspláss fengist í húsi félagsins. Væru þeir fúsir til þess að ganga í ÍR. Guðmundur lofði að kenna þeim ókeypis fyrst um sinn og var samþykkt að ganga að boði hans. Voru æfingar tvisvar í viku, á þriðjudögum og föstudögum frá kl. 8–9, og fór sú fyrsta fram föstudaginn 11. desember.

Guðmundur reyndi að fá til liðs við sig góða glímumenn svo félagið yrði strax gildandi. Lagði hann m.a. netin fyrir Kristin Sigurjónsson, einn af fremstu glímumönnum landsins, sem keppt hafði með KR. Í samtali við bókarhöfund sagðist hann hafa ráðgert að taka áskorun Guðmundar og ganga í ÍR. Guðmundur taldi sig vera að koma upp með hörkulið og vildi drífa Kristin með.

### Oftast lagðir strax á flautinu

En að athuguðu máli fannst Kristni ÍR-ingarnir ekki kunna nógu mikið og hætti við að ganga til liðs við þá. Taldi sér ekki nóg að vera með alveg óreyndum mönnum. Kvaðst hafa þurft vanari og öflugri menn til að geta tekist á við. Kristinn sá til ÍR-inganna á mótum, keppti m.a. við þá. Honum fannst þeir hafa frekar slæma fótastöðu en með henni voru þeir að verjast klofbragði. Oftast voru þeir lagðir strax á flautinu, sagði hann. Leitt hefði verið að félagið kæmi ekki

betur út úr mótum því myndarmenn hefðu verið í hópnum og Guðmundur góður kennari.

Meðal þeirra sem æfðu glímu í ÍR fyrsta veturinn sem Guðmundur kenndi voru Vestmannaeyingarnir Leifur Þorbjörnsson og Pétur Sturlaugsson. Þeir höfðu æft glímu heima í Eyjum hjá Þorsteini Einarssyni, sem vísaði þeim á ÍR er þeir fluttu til Reykjavíkur um tvítugt. Líklega hefur Þorsteinn, hinn mikli áhugamaður um framgöngu glímunnar, viljað hjálpa Guðmundi að koma glímunni á rekspöl hjá ÍR. Leifur sagði við bókarhöfund, að yfirleitt hefðu verið fimm og sex menn á æfingum meðan hann var að, allir um tvítugt. Æfði hann tvo vetur en æfingar lágu niðri yfir sumarið. Æft var í ÍR-húsinu tvisvar í viku strax eftir kvöldmat. Lítið eða ekkert var um að ÍR-ingarnir kepptu þá í mótum, getan bauð ekki upp á það, að hans sögn.

Festa komst fljótlega í starfið í kringum Guðmund Hofdal. Hann var á sínum tíma einn af bestu glímumönnum landsins og m.a. í hópnum sem sýndi glímu á Ólympíuleikunum í London 1908. Glímumaður var hann frábær og þótti natinn kennari og góður. Glímulag hans var sérstætt, fáir náðu að læra það og enn færri að beita stígangandi þeirri er hann tamdi sér. Hann lagði oft keppinauta sér sterkari og stærri með undralítilli fyrirhöfn. Þar kom til hugsun hans, útsjónarsemi og leikni í brögðum.

Guðmundur vann mikið starf fyrir ÍR og hafði t.d. þjálfun knattspyrnu-flokks félagsins á hendi sumarið 1943. Hann var skipaður formaður glímufundar ÍR í maí 1943 og með honum þeir Jón Jónasson og Haraldur Árnason kaupmaður. Ákveðið var að reyna að efla starfið þá um haustið og æfingum fjölgað í fjórar í því skyni. Æft var í stærri salnum föstudaga og sunnudaga og Bláa salnum mánudaga og fimmtudaga.

### Haukur Aðalgeirsson ÍR yngsti keppandinn í Skjaldarglímuni og vakti mikla athygli

Guðmundur fékk til liðs við sig nýja menn ýmist vegna kunningsskapar eða með auglýsingum um glímufélag ÍR í bæjarblöðunum. Margir þeirra voru frá æskulóðum hans úr Þingeyjarsýslum, einkum Mývatnssveit. Meðal þeirra sem þaðan komu og æfðu hjá ÍR voru Haukur Aðalgeirsson, Hinrik Sigfússon, Jón Kristjánsson, Stefán Jónasson, Sverrir Sigurðsson, sem allir kepptu í Skjaldarglímu Ármanns 1944, Kristján og Hallgrímur Þórhallssynir, Andrés Guðmundsson, Steingrímur Jóhannesson og Jón Jónasson. Margir þessara ungu manna hleyptu heimdraga til að vinna hjá hernum, eins og flestallir reyndu. Höfðu þeir sótt glímunámskeið heima í sveitinni. Haukur var þeirra yngstur, 16 ára, en hann þekkti til Guðmundar, kom af sömu bæjum. Haukur sagði við bókarhöfund að þeir félagarnir hefðu æft að staðaldri tvisvar í viku, eftir vinnu á kvöldin, en þrisvar er nær dró keppni. Venjulega voru 10–11 á æfingum en

hópurinn sem sótti æfingar veturinn 1943–44 var þó stærri.

Ekki var ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur er ákveðið var að lærlingar Guðmundar skyldu sendir til sinnar fyrstu keppni. Vettvangurinn var Skjaldarglíma Ármanns 1944 sem fram fór í húsi Jóns Þorsteinssonar 1. febrúar. Keppendur ÍR voru Haukur Aðalgeirsson, Hinrik Sigfússon, Jón Kristjánsson, Stefán Jónasson og Sverrir Sigurðsson.

Þótt enginn þeirra yrði framarlega, enda ekki við því búist þar sem þeir voru byrjendur, vakti frammiastaða Hauks athygli. Keppnin er honum mjög minnisstæð. Hann var 16 ára og yngsti þátttakandi í Skjaldarglímuni frá upphafi. Úrslit ætluðu aldrei að fást í viðureign hans við glímukónginn Kristmund Sigurðsson KR í þriðju umferð. Glímt var til þrautar en eftir rúmar tvær lotur stöðvaði lækni mótisins glímuna. Kristmundur var nýstaðinn upp úr veikindum og reyndist ekki vel fyrir kallaður. Stóðu þeir Haukur tæpast í lappirnar eftir átökin og gekk Kristmundur úr glímuni eftir þau. Haukur hlaut þrjá vinninga eða jafnmarga og Jón félagi hans. Deildu þeir 9. til 10. sæti af 13 keppendum sem luku glímuni allri. Varð Stefán 11. með tvo vinninga.

### Harkaði af sér og hélt áfram með brákaðan brjóstakassa

Heldur var þátttaka tveggja glímumanna ÍR, Hinriks og Sverris, enda-

slepp. Neyddust báðir til að ganga úr leik þar sem þeir fóru úr lið um olnboga. Að sögn Hauks var ástæðan fyrir því sú að er þeir báru fyrir sig hendur í vörn festust þær í fellingum sem mynduðust í segldúk sem lagður var á gólfið sem glímuvöllur og snerust því ekki eðlilega í fallinu. Gólf íþróttasalarins var nýlakað og dúknum ætlað að verja það, en hann var flugháll á því og mynduðust alltaf í honum fellingar er menn áttust við. Sverrir varð að hætta eftir þriðju glímu og hafði þá hlotið tvo vinninga. Hinrik lauk hins vegar átta glímum og hafði unnið eina.

Á þriðja keppanda ÍR, Stefáni Jónassyni, brákaðist brjóstakassinn í næstsíðustu glímu. Hann harkaði þó af sér og gekk ekki úr leik því honum þótti nóg um að tveir félagar hans voru úr leik gengnir. Sýndi hann með þessu ósérhlífni sem minnir á hetjur úr sögunum sem höltruðu ekki meðan báðir fætur voru jafnlangir þótt særðir væru. Rifbeinsbrot Stefáns var ekki vegna segldúksins heldur byltunnar sem hann hlaut. Glímurýnir Vísis sagði að Hinrik og Sverrir hefðu meiðst vegna þess að þeir kunnu ekki að bera fyrir sig hönd. Það segir Haukur hafa verið misskilning hjá rýninum. Meiðsl þessi vörpuðu skugga á glímuna.

Þátttöku ÍR í glímustarfi er fagnað í ítarlegri umfjöllun Íþróttablaðsins um Skjaldarglímuna. Sagt er að ÍR hafi áður átt góða glímumenn innan sinna vébanda, sem æfðu glímu í öðrum félögum. Glímumenn þess nú væru

lítt þekktir og hefðu litla reynslu að baki sem kappglímumenn og efamál hvort rétt hafi verið að láta þá koma fram í fyrsta skipti á svo erfiðu glímumóti. Sverrir Sigurðsson er sagður vera þeirra bestur glímumaður, enda af góðum glímumönnum kominn. Hnéhnykkur virtist honum tamur. Hjá hinum ÍR-ingunum hafi mest borið á að sótt væri krækja og leggjarbragð. Fótastaða þeirra hafi verið einkennilega náin en þrátt fyrir það hafi hælkrókur fyrir báða aðeins einu sinni ráðið niðurlögum.

### Haukur vinnur kappglímu drengja á íþróttahátíð KR

ÍR-ingar hrósuðu sigri í kappglímu drengja á íþróttahátíð KR sem fram fór 26. mars 1944 í íþróttahöll ameríska hersins, eins og íþróttahúsið við Hálogaland var nefnt á þeim tíma. Keppni í drengjaglímu hafði legið niðri um langan tíma. Tveir keppendur voru frá ÍR. Félagið hafði ekki fleiri nógu ungum mönnum á að skipa og kepptu báðir í þyngri flokki. Haukur Aðalgeirsson ÍR stóð uppi sem sigurvegari. Lagði alla viðfangsmenn sína að velli og þótti gera vel. Félagi hans Haraldur Þórðarson fékk hins vegar engan vinning. Þátttaka var býsna góð í þessari glímukeppni og margir keppenda áttu seinna eftir að láta að sér kveða. Má þar nefna Einar Ingimundarson Vöku, Jens Guðbjörnsson og Sigfús Ingimundarson Ármanni, Guðmund J. Guðmundsson [Jaka, síðar verkalyðsforkólf] og Friðrik bróður hans úr KR og Stein Guðmundsson.

Á stjórnarfundum í maí 1944 var Tryggvi Friðlaugsson skipaður í glímuráð ÍSÍ að beiðni sambandsins og Jón Jónasson til vara. Í september var á ný skipað í glímunevnd ÍR. Guðmundur Hofdal gegndi áfram formennsku en fékk nú til liðs við sig Tryggva og Stefán Jónasson í stað Jóns Jónassonar og Haraldar Árnasonar. Vetrarstarfið 1944–45 var með svipuðu sniði, Guðmundur sá um kennsluna og æfingar voru þrisvar í viku.

Hinn 1. febrúar 1945 gengu ÍR-ingar öðru sinni til Skjaldarglímu Ármanns. Af þeim fimm sem kepptu árið áður var aðeins einn eftir nú, Haukur Aðalgeirsson. Auk hans keppti Steingrímur Jóhannesson frá ÍR og voru þeir Haukur tveir af 11 keppendum. Og ekki gekk betur en í fyrri því Haukur meiddist í upphafi glímunnar og varð að hætta þátttökunni. Meiddslin voru þó ekki alvarleg. Hafði Haukur staðið sig vel er hann varð að ganga úr glímunni en Steingrímur fékk aðeins einn vinning og rak lestina ásamt einum öðrum keppanda. Lengi hékk uppi glímumynd af Hauki og Steingrími í ÍR-húsinu, líklega komin frá ameríska hernum, en Ameríkumenn sýndu glímukeppni í íþróttahúsi sínu í Hálogalandi mikinn áhuga og mynduðu keppni þar í bak og fyrir. Þar var helmingur sæta frátekinn fyrir þá og tóku þeir urmul ljósmynda af atinu, að sögn Hauks.

### Steingrímur Jóhannesson ÍR vinnur fyrstu flokkaglímu Reykjavíkur

Steingrími gekk mun betur í flokkaglímunni 1945, sem fram fór 17. mars í Trípolíbíóinu. Keppti hann í 1. þyngdarflokki, þ.e. undir 70 kg. Vann hann alla fimm keppinauta sína og varð efstur. Mun þetta hafa verið fyrsta flokkaglíma Reykjavíkur og var formaður Glímuráðs bæjarins, Guðmundur S. Hofdal, helsti hvatamaður þess að keppnin var haldin. Keppendafjöldinn var meiri en nokkru sinni hafði þekkt á opinberu glímumóti, að sögn Vísis, eða 26 keppendur í fjórum þyngdarflokkum. Blöðin skýra frá því, að sem fyrr hafi verið glímt á segldúk sem breiddur var á gólfíð. Það segja þau hafa verið til óþurftar og skapað slyshættu því gólfíð hafi verið glerhált. Verr gekk Steingrími í Íslandsglímunni þar sem hann keppti við miklu þyngri menn en hann var sjálfur. Rak hann lestina með einn vinning af níu mögulegum.

Haukur tók einnig þátt í flokkaglímunni og varð í öðru sæti í 3. þyngdarflokki, að 85 kg, af sjö keppendum sem luku glímunni. Þegar upp var staðið hafði hann hlotið fimm vinninga af sex eða jafnmarga og Steinn Guðmundsson Ármanni. Í innbyrðis viðureign þeirra hafði Haukur haft betur. En er þeir tveir áttust við um efsta sætið í aukaglímu hafði Steinn hins vegar betur. Í Íslandsglímunni, sem haldin var utanhúss á Akureyri í júní í sambandi við ársþing ÍSÍ, varð

hann og sjötti af tíu þátttakendum með fjóra vinninga. Loks tók Tómas Eydal, stundum nefndur Tómas Candles, þátt í flokkaglímunni 1945, en komst ekki í úrslit. Fleiri kepptu ekki á vegum ÍR í glímu árið 1945. Haukur var þegar hér var komið sögu skólapiltur á Laugarvatni og hættur æfingum hjá ÍR. Keppti þó í nafni félagsins 1945 en síðan ekki meir.

Eins og áður voru sveiflur í glímustarfi ÍR. Halla tók undan fæti og smám saman fjaraði út sú starfsemi er Guðmundur hafði byggt upp. Samtímamenn segja hann hafa getað rífið upp félög en þau hafi aldrei orðið langlíf hjá honum. Ein skýringin er sú að hann hafi verið samkynhneigður en umburðarlyndi var lítil gagnvart slíkum mönnum langt fram eftir öldinni. Þegar sú tilhneiging hans hefði skotið upp kollinum hefðu menn fælst hann fljótt.

Æfingar voru enn þrjár á viku í ÍR-húsinu veturinn 1946–47. Til þess að reyna að hleypa nýju lífi í starfið var í janúar 1947 ákveðið að efna til námskeiðs í glímu og hafði Kjartan Bergmann Guðjónsson verið fenginn sem kennari.

### Síðasta glíma ÍR-ings þreytt á hlaupársdeginum 1948

Einn ÍR-ingur tók þátt í flokkaglímu Reykjavíkur sem haldin var á hlaupársdaginn, 29. febrúar, 1948 í Hálogalandi að viðstöddu fjölmenni. Þar var á ferðinni Þórhallur Ólafsson sem varð fimmti af átta keppendum

í drengjaflokki með þrjá vinninga. Ármann J. Lárusson vann með sjö vinningum.



Í nóvember 1948 var eftir allmiklar umræður í stjórn ÍR ákveðið, að til lögu Arnar Eiddssonar, að reyna að efna til glímunámskeiðs fyrir byrjendur og aðra sem lengra væru komnir. Hafði Kjartan Bergmann, framkvæmdastjóri ÍSÍ, boðist til að kenna endurgjaldslaut í þrjár vikur. Erni var falið að auglýsa námskeiðið. Mættu 12–15 unglingar að staðaldri meðan æfingum var haldið úti um veturinn. Til að hvetja aðra til dáða tók Örn sjálfur þátt í glímuæfingunum, sem Kjartan stjórnaði. Sagði Örn við bókarhöfund að áhuginn fyrir íþróttinni hefði ekki reynst nægur. Því hefði glímustarfsemin lognast út af hjá ÍR.

Í Morgunblaðinu 9. maí 1950 var þó enn auglýst glímuæfing hjá ÍR. Skyldi hún eiga sér stað í Miðbæjarskólanum og tekið var fram að áriðandi væri að allir mættu. Eigi er starfsemi í glímu þó getið í bókum félagsins á þessum tíma. Og enginn ÍR-ingur keppir á

*12 manna hópur glímumanna með ÍR-fána sem gekk í félagið úr Glímufélagi Reykjavíkur en myndin birtist í Félagsblaði ÍR í mars 1931.*

þeim mörgu glímumótum sem haldin voru 1950. Í auglýsingu um starfsemi félagsins í Árbók íþróttamanna, sem út kom 1951, er sagt að í ÍR sé iðkuð glíma. Þó verður ekki heldur séð að ÍR-ingar hafi tekið þátt í glímukappmótum það ár. Heldur ekki 1954 og 1955 þó í auglýsingu um starf félagsins í Árbók íþróttamanna 1955–56 segi að lögð sé stund á glímu í ÍR.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er Þórhallur Ólafsson því síðasti keppandi ÍR í glímumóti og vettvangurinn var flokkaglíma Reykjavíkur á hlaupársdaginn 1948. Hann var ágætur skíða- og frjálsíþróttamaður en fluttist tvítugur til Bandaríkjanna og settist þar að. ÍR gerði vissulega tilraunir til að sinna þessari þjóðaríþrótt. Áhuginn reis en dvínaði fljótt aftur og glímustarfið náði ekki fótfestu. Starfsemin var þróaðri í öðrum félögum og ÍR tókst ekki að komast upp á meðal þeirra. Enda má segja að þegar glímusagan í borginni er skoðuð í heild sinni er eins og sjaldan hafi starfað fleiri en tvö glímufélög samtímis í Reykjavík af markverðum þrótti. ÍR-ingar voru oft þriðja hjól undir vagninum og lentu utangarðs í samkeppni glímufélaganna.